Nr. 68.
20.
nóvbr.

# Opið brjef

um

## samþykkt á kosning Hans konunglegu tignar prins Christians Frederiks Carls Georgs Valdemars Axels til konungs í Noregi.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Stórþing Noregs og stjórn hafa sent á fund Vorn nefnd manna er flutt hefur Oss þá ályktun stórþingsins 18. þ. m., að Vor ástkæri sonarsonur, Hans konunglega tign prins Christian Frederik Carl Georg Valdemar Axel sje til konungs kosinn í Noregi; og með því að sonarsonur Vor hefur eptir nákvæma umhugsun og vandlega sjálfsprófun tjáð sig reiðubúinn til þess að verða við þessari veglegu köllun,

höfum Vjer eptir samráði við son Vorn ástkæran, Hans konunglegu tign krónprinsinn, og með fylgi stjórnar Vorrar samþykkt, svo sem Vjer og hjer með fyrir Hans konunglegu tign prins Carl samþykkjum kosning hans til konungs í Noregi. Gjörum Vjer þetta í fullu trausti til þess, að sonarsonur Vor vilji verja beztu kröptum lífs síns til þess að rækja trúlega konungsstörf sín, og í fullu trausti til þess, að hin norska þjóð vilji taka hinum unga konungi sínum með því trausti og þeirri hollustu, sem skilyrði er fyrir farsælli samvinnu til heilla landi og lýð.

**Gefið í höfuðborg Vorri og aðseturstað Kaupmannahöfn, 20. nóvember 1905, á 43. ári ríkisstjórnar Vorrar.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

***J. C. Christensen.***

Nr. 68. Opið brjef 20. nóvember um samþykkt á kosning Hans konunglegu tignar prins Christians Frederiks Carls Georgs Valdemars Axels til konungs í Noregi.

# Aabent Brev

om

## Modtagelsen af Hans Kongelige Højhed Prins Christian Frederik Carl Georg Valdemar Axel's Valg som Norges Konge.

Nr. 68.
20.
Novbr.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt:* Efter at en af Norges Storting og Norges Regering udsendt Deputation har overrakt Os Stortingets Beslutning af 18de d. M., hvorved Vor Højtelskede kære Sønnesøn, Hans Kongelige Højhed Prins Christian Frederik Carl Georg Valdemar Axel er bleven udvalgt til Norges Konge, og da Vor Sønnesøn efter nøje Overvejelse og alvorlig Selvprøvelse har erklæret sig rede til at følge denne hæderfulde Kaldelse,

have Vi, efter Samraad med Vor Højtelskede kære Søn, Hans Kongelige Højhed Kronprinsen, og med Tilslutning af Vor Regering modtaget, ligesom Vi og herved for Hans Kongelige Højhed Prins Carl modtage Valget som Norges Konge. Vi gøre dette i fuld Fortrøstning til, at Vor Sønnesøn vil vie sit Livs bedste Kræfter til trofast Opfyldelse af sin Kongegerning, og i lige Fortrøstning til, at Norges Folk vil møde sin unge Konge med de Følelser af Tillid og Hengivenhed, som betinge et frugtbart Samarbejde til Lykke for Land og Folk.

**Givet i Vor Hoved- og Residensstad Kjøbenhavn, den 20de November 1905,**
**i Vor Regerings det 43de Aar.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

*Christian R.*

(L. S.)

*J. C. Christensen.*

Nr. 68. Aabent Brev 20. November om Modtagelsen af Hans Kongelige Højhed Prins Christian Frederik Carl Georg Valdemar Axel's Valg som Norges Konge.